

## KYNNINGARFUNDUR

### ■ Þórsveri fimmtudaginn 17. mars kl. 20 til 21.30.

Á fundinum verður kynning á framtíðarsýn samstarfsnefndar og forsendum fyrir sameiningartillögunni. Í kjölfar kynningar gefst íbúum færi á að ræða tillöguna og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundinum verður einnig streymt á fésbókarsíðum sveitarfélaganna. Íbúar eru hvattir til þess að mæta á fundina og kynna sér álit samstarfsnefndar og kynningarefni. Áhorfendum gefst kostur á að senda spurningar rafrænt inn á fundinn.

## KOSNINGARÉTTUR

Kosningarétt eiga allir íbúar sveitarfélaganna sem eru með íslenskt ríkisfang og hafa náð 18 ára aldri á kjördag, ríkisborgarar Norðurlandanna sem hafa lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfleytt og aðrir erlendir ríkisborgarar eftir fimm ára samfellda búsetu.

## ATKVÆÐAGREIÐSLA UTAN KJÖRFUNDAR

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er hafin og hægt er að kjósa hjá sýslumönnum um land allt og í sendiráðum erlendis. Í sameiningarkosningum eiga námsmenn sem búsettir eru á Norðurlöndunum rétt á að vera teknir á kjörskrá en sækja þarf sérstaklega um það hjá Þjóðskrá Íslands.

Hægt er að kjósa utan kjörfundar á skrifstofu Sýslumannsins á Norðurlandi eystra á Þórshöfn.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar veitir viðkomandi sýslumannsembætti eða sendiráð. Upplýsingar um opnunartíma skrifstofa má finna á [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is) Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum við kosninguna.

Nánari upplýsingar og ítarefni má finna á vefsíðu verkefnisins [www.langanesbyggd.is](http://www.langanesbyggd.is) Sameining 2022